



Eigum við samleið?

**KPMG býður hvetjandi vinnuumhverfi fyrir
fólk sem hefur metnað til að ná árangri.**

Febrúar 2016

kpmg.is



Að byrja með KPMG

Margir byrja hjá Okkur meðan þeir eru enn í námi og aðrir koma inn með reynslu úr atvinnulífinu. Við leitum að verðandi endurskoðendum, fólki sem vill vinna í reikningshaldi eða skattaþjónustu, sérfræðingum á sviði tölvumála, fjármála og fleiri sviðum sem endurspegla þá þjónustu sem félagið hefur upp á að bjóða.

Endurskoðunarsvið

130 starfsmenn

Endurskoðun stórra og smárra fyrirtækja og margvísleg aðstoð við reikningshald. Mörg stærstu fyrirtæki landsins eru viðskiptavinir sviðsins. Starfsmenn sem vinna á endurskoðunarsviði byrja gjarnan á meðan á námi stendur, til dæmis í mastersnámi í endurskoðun og reikningshaldi (M.Acc.) og öðlast reynslu og þekkingu til að verða löggiltir endurskoðendur eftir að hafa náð tilskildum reynslutíma hjá KPMG.

Ráðgjafarsvið

35 starfsmenn

Ráðgjafarsvið sinnir ráðgjöf á ýmsum sviðum viðskiptalífsins. Þar eru starfsmenn ráðnir inn sem hafa góða blöndu af menntun og reynslu og er fjölbreytni mikil. Þar starfar viðskiptamenntað fólk, verkfræðingar, lögfræðingar og hagfræðingar. Einnig eru ráðnir inn nemar sem hafa áhuga og metnað til að starfa í krefjandi umhverfi ráðgjafar.

Uppgjörs- og bókhaldssvið

35 starfsmenn

Á uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG starfar vel þjálfað og reynslumikið fólk. Meðal annars löggiltir endurskoðendur, viðurkenndir bókarar ásamt starfsfólki sem hefur mikla reynslu af uppgjörum og hefur yfirsýn yfir flestar tegundir atvinnurekstrar í landinu. Dæmi um þá þjónustu sem boðið er uppá er bókhald, uppgjör, gerð ársreikninga, skattskil og launavinnsla.

Skatta- og lögfræðisvið

25 starfsmenn

Starfsmenn á skatta- og lögfræðisviði eru menntaðir lögfræðingar, viðskiptafræðingar og endurskoðendur og sumir hverjir með langa reynslu í skattkerfinu. Þar eru skattamálin krufin og ýmis álitamál skoðuð fyrir viðskiptavini. Í lögfræðinni eru það öll hugsanleg viðfangsefni sem koma upp á borðið, oft tengd félagarétti og skattskilum.

Við bjóðum hvetjandi vinnuumhverfi fyrir fólk sem hefur metnað til að ná árangri. Ef þú ákveður að vinna með okkur, munum við aðstoða við að þróa hæfileika þína þannig að þeir nýtist þér og okkur til frekari framþróunar.



**Okkar vinnustaður er KPMG.
Við njótum þess að vinna
í hópi helstu sérfræðinga
landsins á öllum sviðum
viðskipta og erum þess
fullviss að sú reynsla mun
skila okkur langt.**





**Þekking er forsenda
þjónustu KPMG
og er lögð áhersla
á menntun og
þekkingarmiðlun
innan félagsins.
Starfsfólk eykur
verðmæti sitt með
aukinni þekkingu
og er eftirsótt á
vinnumarkaði.**

Samsetning starfsfólks KPMG



Viðskiptafræðingar



Löggiltir endurskoðendur



Lögfræðingar



Viðurkenndir bókarar



Önnur menntun

Verkfræðingar

Tölvunarfr.

Starfsfólk

246 manns

Karlar

118

Konur

128

Hluthafar

36

Meðal starfsaldur

9 ár

Yngsti
starfsmaðurinn

22 ára

Elsti
starfsmaðurinn

69 ára

Breytingar í hópi starfsmanna

47 ráðnir

27 hættu

Í víking til Írlands

Hjá KPMG vinna um 174 þúsund manns í rúmlega 160 löndum. Á hverju ári er stór hópur starfsmanna sem grípur tækifærið sem KPMG prógramið GO (e. **Global Opportunities**) býður upp á og prófar að vinna annars staðar en í heimalandinu.

Haustið 2013 tók **Sævar Sigurjónsson**, starfsmaður KPMG í Reykjavík áskorun um að breyta til og sótti um stöðu verkefnastjóra í endurskoðun á skrifstofu KPMG í Dublin. Í hönd fór ráðningarferli og eftir nokkrar vikur var búið að pakka öllu og kaupa flugmiða til Dublin. Sævar flutti út með konu og barn og það var vel tekið á móti fjölskyldunni, búið var að finna bráðabirgðahúsnæði og sérstakur aðstoðarmaður sá um að hjálpa þeim við að fóta sig í nýju landi.

Sem verkefnastjóri á skrifstofunni í Dublin bar Sævar ábyrgð á um 20 verkefnum sem þurfti að skipuleggja, raða inn á þau fólki og undirbúa verkið. Sævar þurfti alfarið að skipuleggja endurskoðunarvinnuna og þar sem sum verkefnanna voru erlendis þá var oft um að ræða töluvert umstang og ferðalög. Sumarið eftir tók KPMG í Dublin að sér banka sem hafði færst of mikið í fang.

Sævari var þá boðið að koma inn í teymið og halda utan um tiltekin verkefni í uppgjöri bankans. Þetta leiddi svo til þess að honum var boðið annað slíkt verkefni og eftir tveggja ára endurskoðunarvinnu er hann nú alfarið kominn á ráðgjafarsvið og var boðið að fram- lengja samninginn sem hann þáði.

Nú standa málin þannig að Sævar starfar sem sérfræðingur á ráðgjafarsviðinu og ekki er ennþá fyrirséð hversu lengi hann verður úti. Sævar segist mjög ánægður með reynsluna af þessu ævintýri. Óneitanlega er byrjunin þó nokkuð stökk út í óvissuna og að sjálfsögðu tekur það tíma að finna sig í nýju landi, kynnast fólki og verða einn af heimamönnum.

Sævar hvetur alla sem eiga möguleika á því að nýta sér slíkt tækifæri því umbunin er mikil í formi reynslu og vísýni.



Starfsemi KPMG á heimsvísu

Afganistan	Darussalam	Jamaíka	Marokkó	Singapúr
Albanía	Dóminíska lýðveldið	Japan	Máritíus	Sierra Leóne
Algería	Egyptaland	Jemen	Mexíkó	Slóvakía
Andorra	Eistland	Jersey	Mjanmar	Slóvenía
Angóla	Ekvador	Jómfrúaeyjar	Moldóva	Spánn
Antígva og Barbúda	El Salvador	Jórdanía	Mongólía	Srí Lanka
Argentína	Eyjan Mön	Kambódía	Mónakó	St. Martin
Armenía	Filippseyjar	Kamerún	Mósambík	Suður-Kórea
Arúba	Finnland	Kanada	Namibía	Súrínam
Aserbaídsjan	Fídjieyjar	Kasakstan	Nígería	Svartfjallaland
Austurríki	Fílabeins- ströndin	Katar	Níkaragva	Svasíland
Ástralía	Frakkland	Kenía	Noregur	Sviss
Bahamaeyjar	Franska Pólýnesía	Kirgisistan	Nýja-Kaledónía	Svíþjóð
Bandaríkin	Gabon	Kína	Nýja-Sjáland	Tailand
Bangladess	Gana	Kongó	Óman	Taívan
Barbados	Georgía	Kostaríka	Pakistan	Tansanía
Barein	Gíbraltar	Kórea	Panama	Tékkland
Belgía	Gínea	Króatía	Papúa Nýja-Gínea	Tógó
Bermúdaeyjar	Grikkland	Kúveit	Perú	Trínidad og Tóbagó
Bosnia og Herzegovína	Guernsey	Kýpur	Portúgal	Turks- og Caicoseyjar
Botswana	Gvatemala	Laos	Pólland	Túnis
Bólivía	Holland	Lettland	Rúanda	Tyrkland
Brasilía	Hondúras	Liechtenstein	Rúmenía	Ungverjaland
Bretland	Hvíta-Rússland	Litháen	Rússland	Úganda
Brúnei	Indland	Líbanon	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Úkraína
Búlgaría	Indónesía	Lúxemborg	Sankti Lúsía	Úrúgvæ
Caymaneyjar	Írak	Makedónía	Sankti Vinsent og Grenadíneyjar	Venesúela
Chíle	Írland	Malasía	Sádi-Arabía	Vietnam
Cookseyjar	Ísland	Malaví	Senegal	Zambía
Curaçao	Ísrael	Maldíveyjar	Serbía	Zimbabwe
Danmörk	Ítalía	Malí		Þýskaland
		Malta		

**Ef þú vilt vinna með okkur eða þarft
frekari upplýsingar um hvort við
eigum samleið, hafðu þá samband.**

Andrés Guðmundsson
545 6077
agudmundsson@kpmg.is

Reykjavík
Borgartúni 27

Akranes
Kirkjubraut 28

Akureyri
Glerárgötu 24

Blönduós
Húnabraut 4

Borgarnes
Bjarnarbraut 8

Dalvík
Ráðhúsi

Egilsstaðir
Fagradalsbraut 11

Hafnarfjörður
Reykjavíkurvegi 66

Hella
Þrúðvangi 18

Höfn í Hornafirði
Litlabrú 1

Reyðarfjörður
Austurvegi 20

Reykjanesbær
Krossmóa 4

Sauðárkrókur
Borgarmýri 1a

Selfoss
Austurvegi 4

Skagatrönd
Oddagötu 22

Stykkishólmur
Aðalgata 5

Vestmannaeyjar
Kirkjuvegi 23

Sími 545 6000

kpmg.is   